

Stjórn stofnunarinnar kveður á um rekstursfyrirkomulag að Álfalandi 15 og ræður starfsfólk. Hún kýs úr sínum hópi 3ja manna starfsstjórn, sem hefur umsjón með rekstrinum og tekur ákvarðanir um dvöl.

Rekstur endurhæfingarstöðvarinnar að Reykjalundi hefur þegar verið falinn S.Í.B.S. með samningi frá 26. september 1967 og viðbótarsamningi frá 21. nóvember 1971.

5. gr.

Stofnunin leitar rekstrarleyfis fyrir endurhæfingarstöðina að Álfalandi 15 í samræmi við lög nr. 41/1983 og lög nr. 59/1983 og fáist leyfið, fer um reksturskostnað í samræmi við 28. og 33. gr. laga nr. 41/1983.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu sendir ríkisendurskoðun og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, er þeir hafa hlotið samþykki stjórnarinnar.

7. gr.

Breytingar á þessari skipulagsskrá er því aðeins unnt að gera, að þær séu samþykktar á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands og af heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

8. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu eignir hennar renna til hliðstæðra verkefna og um er rætt í 3ju grein.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. gr.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 9,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 18,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 188,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 360,00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.